

Aðgerðir stjórnvalda vegna efnahagsvandans

Öll ráðuneyti hafa að ósk forsætisráðuneytisins tekið saman upplýsingar um aðgerðir, beinar og óbeinar, sem gripið hefur verið til frá falli bankanna í byrjun október á síðasta ári.

[Samantekt þessi](#) var kynnt á fundi ríkisstjórnar 24. þ.m. og gefur hún greinargóða mynd af því sem stjórnvöld hafa gert til að bregðast við aðstæðum. Af vettvangi menntamálaráðuneytisins má nefna eftirfarandi:

Breytingar á [reglum LÍN](#) fyrir yfirstandandi skólaár til að koma til móts við erfiða stöðu námsmanna og fela m.a. í sér :

- Aukalán
- Hækkun á vaxtastyrk
- Lækkun á frádrætti vegna fyrri tekna
- Breytingar á forsendum í gengisútreikningum, um 23% hækkun
- Aukinn sveigjanleiki vegna greiðsluferðleika
- Lækkun tekjutengdra afborgana af námslánnum

Ýmsar aðgerðir til að mæta aukinni eftirspurn eftir námi á framhalds- og háskólastigi.

Menntunarráðgjafi í fullorðinsfræðslu, m.a. hefur verið opnað vefsvæði með upplýsingum um námstækifæri fyrir fólk í atvinnu www.menntatorg.is

Skipuð hefur verið verkefnisstjórn um stefnumótun á sviði háskóla og vísinda og samráðshópar um aðgerðir til að mæta minnkandi framlagi til mennta- og menningarmála.

Menntamálaráðherra hefur látið vinna samantekt yfir möguleg úrræði um sálrænan stuðning við börn og ungmenni í skólum landsins og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Svipuð samantekt var einnig unnin fyrir nemendur í háskólum og öðrum fræðslustofnunum landsins. Markmiðið er að styðja við starfsfólk skóla, fræðslustofnana og stjórnendur íþrótt- og æskulýðsstarfs til að veita nemendum stuðning og stuðla þannig að velferð þeirra. Samantektin var unnin í samstarfi við samráðshóp sem settur var á lagginnar vegna efnahagsástandsins. Úrræðin er að finna á menntamálaráðuneyti.is og www.island.is.

Menntamálaráðuneytið tekur þátt í svokallaðri Velferðarvakt sem haldið er úti af félags- og tryggingamálaráðuneytinu og fellur undir samhæfðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsvandans. Á [vefsvæði Velferðarvaktarinnar](#) eru ítarlegar upplýsingar um þá umfangsmiklu vinnu sem þegar hefur farið fram á hennar vegum.

Vinnuhópar á vegum Velferðarvaktarinnar hafa skilaði áfangaskýrslu með tillögum sem finna má framangreindu vefsvæði.



Menntamálaráðherra heimsótti á dögum Listaháskóla Íslands. Með henni á myndinni eru Hjálmar H. Ragnarsson rektor og Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti Myndlistardeilda.

Aukin þátttaka í samstarfsáætlunum EES

Þátttaka í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins árið 2008 hefur aukist milli ára. Helstu niðurstöður eru þær að í fyrra er áætlað að um 7.100 Íslendingar hafi komið að ESB verkefnum. Erlendir þátttakendur á Íslandi voru yfir 800 talsins. Íslendingar tóku þátt í a.m.k. 240 samstarfsverkefnum og tæplega 400 manns tóku þátt í einstaklingsverkefnum eins og t.d. Erasmus stúdentaskiptum. Samtals voru 12,2 millj. evrur veittar til Íslands árið 2008 frá ESB en aðildargjöldin voru 8 millj. evrur (á aðeins við þann hluta EES-samstarfsins sem snýr að menntamálaráðuneyti).

Samstarfsáætlun um rannsóknir og þróun er lang stærst í krónum talin og svarar til um 70% útgjalda og tekna. Menntaáætlunin veitir hins vegar flestum möguleika á erlendu samstarfi. Menntamálaráðuneytið hefur tekið með virkum hætti þátt í stefnumótunarverkefnum ESB á sviði menntamála auk þess að vera með í ýmis konar samstarfi sérfræðinga. Sjá nánar skýrslu um EES-samstarfið árið 2008.

Ráðstefna UNESCO um menntun í sjálfbærri þróun

Menntamálaráðherra mun taka þátt í [heimsráðstefnu á vegum UNESCO](#) um menntun á sviði sjálfbærrar þróunar sem haldin verður í Bonn 31. mars til 2. apríl n.k. Ráðherra mun taka þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnunni sem framkvæmdastjóri UNESCO mun stjórna. Á ráðstefnunni gefst ekki aðeins kostur á því að fylgjast grannt með þróun þessara mála hjá UNESCO heldur gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við alþjóða-samfélagið.

Samráð við hagsmunaaðila um lækkun útgjalda

Menntamálaráðuneytið hefur hafið samráð við hagsmunaaðila um hvernig best verði mætt óhjákvæmilegri lækkun útgjalda ráðuneytisins og stofnana þess í fjárlögum næstu ára. Ráðherra hefur þegar átt fundi með stjórn Bandalags íslenskra listamanna, stéttarfélagum framhaldsskólakennara og skólastjórnendum framhaldsskóla. Lögð er áhersla á þegar leitað er hagræðingar að tryggja grunnþjónustu skóla og menningarstofnana og að forðast uppsagnir starfsmanna eins og frekast er unnt. Þá telur ráðuneytið mikilvægt að virkja almenna starfsmenn ráðuneytis og stofnana þess í vinnu við að útfæra tillögur um lækkun útgjalda.

Skipun skólameistara við Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Menntamálaráðherra hefur skipað Skúlínu Hlíf Kjartansdóttur í embætti skólameistara [Fjölbrautaskóla Snæfellinga](#) til fimm ára frá 1. apríl 2009 að telja að fenginni umsögn skólanefndar skólans. Tíu umsóknir bárust um embætti skólameistara fjölbrautaskólans.

